

**Nd.** **418. Nefndarálit** [7. mál]  
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nm. (LJós) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Við fyrstu umræðu um málið óskaði einn hv. þingmaður nokkurra upplýsinga varðandi málið. Nefndin hefur aflað þessara upplýsinga, og koma þær fram í bréfi frá Hapdrætti Háskóla Íslands, sem fylgir hér með sem fskj.

Alþingi, 27. marz 1969.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Gunnar Gislason.
Guðl. Gislason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Skúli Guðmundsson.

#### Fylgiskjal.

HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 20. marz 1969.

#### **Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.**

Háttvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur beint til stjórnar happdrættis Háskólans nokkrum spurningum varðandi happdrætti Háskólans, og er stjórn happdrættisins ánægja að veita umbeðnar upplýsingar.

1. Í fyrsta lagi er spurt um, hve mikið hafi verið óselt af miðum happdrættisins um síðustu áramót. Svar við þeirri spurningu er þetta:

Um seinustu áramót hafði aðalskrifstofa Hapdrættisins enga miða til ráðstöfunar. Allir miðarnir voru bundnir í hinum ýmsu umboðum. Var því ekki hægt að fullnægja eftirspurn eftir heilmiðum, og þá sérstaklega eftir röðum af hlutamiðum.

Fjöldi óseldra miða í 12. flokki (desember) 1968 var þessi:

Heilmiðar: 4 533 miðar af 63 000 útgefnum miðum, eða 7.195%.

Hálfmiðar: 24 920 miðar af 114 000 útgefnum miðum, eða 21.86%.

Benda ber á, að þessir óseldu heilmiðar voru liggjandi í 33 umboðum af 78 umboðum, eða 42.3%. Viðskiptavinirnir óska stöðugt eftir heilmiðum, og sérstaklega heilmiðum í heilum röðum, allt upp í 100 til 200 miða í röð. Á sama tíma fjölga óseldum hálfmiðum stöðugt, því að eftirspurn eftir þeim minnkar stöðugt. Fyrir fjórum árum voru fjórðungsmiðarnir afnumdir, og tóku viðskiptavinir happdrættisins þeirri ráðstöfun fegins hendi. Þess vegna er ætlunin að gefa út eingöngu heilmiða, ef leyfi fæst fyrir nýjum flokki, enda er þess alls ekki að vænta skv. framansögðu, að hægt sé að auka sölu að nokkru marki við núverandi aðstæður.

2. Í öðru lagi er spurt, hvort heimild til útgáfu 65 þús. númera sé nýtt að fullu. Svárið við þeirri spurningu er, að gefnir eru út 60000 hlutamiðar í hvorum flokki, og eru fyrir því þau rök, sem nú skal greina:

Aðalkosturinn við þá breytingu, sem gerð var á útgáfu hlutamiða í fleiri en einum flokki, er sá, að auðvelda og minnka drætti og vinningaskrárnar. Nú hefur happdrættið til sölu 60000 hlutamiða í tveim flokkum í stað þess að gefa

út 120000 hlutamiða. Benda má á, að í desember eru nú dregnir út 3250 vinningsnúmer með tvo vinninga hvert. Það tekur 30 til 40 manns rúma tíu klukkutíma að framkvæma þennan stóra drátt, en ef númerin væru 120000, mundi drátturinn taka tvo daga og vinningaskráin verða átta síður í stað fjögurra nú.

Það er álit allra aðila, sem við happdrættið vinna, að þetta fyrirkomulag sé mjög hentugt, og hefði betur verið fyrr ráðið.

Af þessum ástæðum telur stjórn happdrættisins stórum haganlegra að leita eftir heimild til að stofna til nýs aukaflokks en að fjölga hlutamiðum með öðrum hætti, auk þess sem 5000 miða fjölgun frá 60000 til 65000 er allt of lítil, miðað við eftirspurn.

3. Tekjur happdrættisins 1967 voru 20 520 338.72 kr. Þar af voru ríkissjóði greidd 20% lögum samkvæmt eða kr. 4 104 067.74. Nettótekjur urðu því kr. 16 416 270.98. Leyfisgjaldið gengur nú til bygginga fyrir rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna. Reikningur fyrir árið 1968 er ekki tilbúinn. En salan á því ári jókst um 1.3%, sem ætti að skila auknum tekjum. Þess ber þó að geta, að allur rekstrarkostnaður hefur hækkað á árinu, svo rétt er að áætla tekjurnar um 16 milljónir árið 1968.
4. Á árinu voru greiddar 11 milljónir króna til byggingar Árnagarðs til viðbótar við þær 7.2 milljónir króna, sem greiddar höfðu verið á árinu 1967. Nú hafa verið greiddar rúmar 20 milljónir til þessarar byggingar. Enn fremur voru á árinu greiddar 2.8 milljónir kr. vegna viðhalds húsa og innanstokksmuna, hirðingar á lóð, tækjakaupa og þess háttar, og er hér um árviss útgjöld að ræða.

Bent skal á það að lokum, að Háskólinn býr við mikla húsnæðiskreppu, sem hamlar framför. Síðsumars verður byrjað á nýrri kennslu- og rannsóknarbyggingu til að fullnægja brýnum þörfum á kennslurými og húsnæði fyrir rannsóknaraðstöðu kennara og lestrasali fyrir stúdenta. Auk þess er bráð þörf á húsnæði fyrir lækna-deildarbyggingar og fyrir tannlæknadeild svo og fyrir verkfræðideild, auk þess sem vandræðaástand er ríkjandi í sambandi við lestrarsali fyrir stúdenta og bókasafn, og er þá ógetið húsnæðis vegna stúdentagarða og félagsaðstöðu fyrir stúdenta. Verkefni happdrættisins eru því viðtæk og öll brýn.

Stjórn happdrættisins er ánægja að veita háttvirtri fjárhagsnefnd neðri deildar frekari upplýsingar, en leyfir sér jafnframt að láta í ljós, að hún fulltreystir því, að frumvarp þetta verði afgreitt á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllt,

f. h. stjórnar happdrættis Háskólans

Ármann Snævarr.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,  
Rvík.